

sonar, talsmanns stefnanda, kr. 40.000.00, og útlagður kostnaður, kr. 8.499.50, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1963.

Nr. 99/1962. **Sveinbjörn Jónsson f. h. Penning Leendert vegna Neerlandia, eiganda v/s Nisse frá Rotterdam**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Jónasi Rafnar f. h. eiganda v/s Asks, KE 11,
(Páll S. Pálsson hrl.)

og

Benedikt Sigurjónssyni f. h. eiganda v/s Þorsteins, ÞH 285, (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsakir

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theódór B. Línal.

Björgunarlaunamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1962. Gerir hann þær kröfur, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að gagnáfrýjendum verði gert að greiða honum in solidum málskostnað í Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Jónas Rafnar f. h. eiganda v/s Asks, KE 11, hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. nóvember 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 912.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 21. ágúst 1960 til 29. des-

ember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst og þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Nisse til tryggingar dæmdum fjárhæðum. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er til hans tekur, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi Benedikt Sigurjónsson f. h. eiganda v/s Þorsteins, ÞH 285, hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. apríl 1963, að fengnu áfrýjunareyfi 16. þ. m. Það er *aðalkrafa* hans, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 342.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 21. ágúst 1960 til 29. desember 1960 oð 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess og, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Nisse til tryggingar dæmdum fjárhæðum. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er hann varðar, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti þannig: Gagnáfrýjanda Jónasi Rafnar f. h. eiganda v/s Asks, KE 11, kr. 20.000.00, og gagnáfrýjanda Benedikt Sigurjónssyni f. h. eigenda v/s Þorsteins, ÞH 885, kr. 8000.00. Eiga gagnáfrýjendur sjóveðrétt í v/s Nisse fyrir fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sveinbjörn Jónsson f. h. Penning Leendert vegna Neerlandia, eiganda v/s Nisse frá Rotterdam, greiði gagnáfrýjanda Jónasi Rafnar f. h. eiganda v/s Asks, RE 11, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, og gagnáfrýjanda Benedikt Sigurjónssyni f. h. eigenda

v/s Þorsteins, ÞH 285, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00. Eiga gagnáfrýjendur sjóveðrétt í v/s Nisse fyrir dæmdum málskostnaði í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. apríl 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hafa Jónas G. Rafnar hdl., Akureyri, f. h. Einars Sigurðssonar útgerðarmanns, Reykjavík, eiganda Asks, KE 11, og Kristján Jónsson lögfræðingur, Akureyri, f. h. Guðmundar Friðrikssonar o. fl., Raufarhöfn, eigenda m/s Þorsteins, ÞH 285, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. febrúar 1961, gegn Sveinbirni Jónssyni hrl., Reykjavík, f. h. Penning Leendert, skipstjóra á m/s Nisse frá Rotterdam, vegna eigenda m/s Nisse N.V. Neerlandia, Rotterdam til greiðslu björgunarlauna og fyrir tjón og kostnað í sambandi við björgunarstarfið, kr. 1.140.000.00 í heild, en í tilteknum hlutföllum til hvors aðilja um sig, auk 10% ársvaxta af upphæðinni frá 21. ágúst 1960 til greiðsludags og málskostnaðar, einnig til hvors aðilja um sig, eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins. Krafizt er viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Nisse með öllum búnaði og brennsluolíu, er í skipinu var, til tryggingar þeim upphæðum, sem tildæmdar kunna að verða.

Þá hafa stefnendur stefnt Trolle & Rothe h/f, hér í borg, vegna váttryggjenda m/s Nisse, Amsterdam Exchange, Amsterdam, Holland. til réttargæzlu.

Undir rekstri málsins hefur kröfugerð verið breytt þannig, að umboðsmaður eiganda Asks, KE 11, krefst 10% vaxta af björgunarlaunum, kr. 1.140.000.00, frá 21. ágúst 1960 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð að mati dómsins og hvor aðilja látinn bera sinn kostnað.

Málavextir eru sem hér segir:

Laust eftir miðnætti 21. ágúst 1960 strandaði m/s Nisse frá Rotterdam, 640 þungalestir (dead weight ton) að stærð, við Ásmundarstaðaeyjar út af Melrakkaslétu. Skipið var á leið frá Raufarhöfn til Akureyrar og var tómt að öðru leyti en því, að það var með kjölfestu (ballast), 170 tonn, sem var sjór í botntönkum skipsins. Skipstjóri sendi strax út neyðarkall og gerði

síðan tilraunir til að ná skipinu út með eigin vélarafl, en án árangurs.

Um kl. 3 kom m/b Þorsteinn, PH 285, á strandstaðinn, en hann hélt þangað hinu nauðstadda skipi til aðstoðar samkvæmt beiðni Raufarhafnarradiós. Litlu síðar eða um kl. 3.30 kom m/s Askur, KE 11, á vettvang. Skipstjóri hins strandaða skips óskaði eftir aðstoð, og hófu skipverjar á m/b Þorsteini og m/s Ask þegar björgunaraðgerðir. Lagði m/b Þorsteinn að hinu strandaða skipi og tók á móti dráttarvír, sem hann síðan flutti um borð í m/s Ask, sem vegna grynninga komst ekki nær hinu strandaða skipi en það, að um 100 faðmar voru á milli þess og m/s Asks. Gekk greiðlega að festa dráttarvírinn í m/s Ask, en er hann tók í, slitnaði vírinn fljótlega. Sótti þá m/b Þorsteinn gildari vír, sem m/s Nisse lagði til, og var hann festur á milli skipanna. Vegna þess, hve lágsjávað var, tók m/s Askur ekki með fullu vélarafl í vírinn, enda var talið vonlítið að ná skipinu út fyrr en sjór félli að. Hélt síðan m/s Askur m/s Nisse upp í sjó og vind á meðan var að falla að. Kl. 9.45 sveigði skipstjóri m/s Asks skipið til suðurs og jók vélaraflið til hins ýtrasta. Skekkist þá skipið til og rann út af skerinu. Var þá um 1 klst. til flóðs.

Þegar skipið var laust, fór hafnsögumaðurinn um borð að beiðni skipstjórans, en m/s Askur dró skipið inn á ytri höfnina á Raufarhöfn, en þá taldi skipstjórinn á m/s Nisse óþarft að draga það lengra, þar sem stýri og skrífa voru virk, og var skipinu lagt að bryggju hjálparlaust.

Á meðan framangreindum aðgerðum stóð, var austanátt, 4—5 vindstig.

Skipstjórinn á m/s Nisse, Penning Leendert, segir, að þegar skip hans varð fast, hafi stefnið vísað út frá grynningunum. Segir hann botnlagið á strandstaðnum hafa verið grjót, en hann hafi ekki séð nákvæmlega, hve mikið grjót það var.

Stýrimaðurinn á m/s Nisse, Pieter Weltevreden, kveðst hafa séð steina undir skipinu á strandstaðnum og hafi það staðið fast, en hreyfzt lítils háttar. Telur hann, að skipið hafi aðallega staðið fast á steini undir stjórnborðshliðarljóskerinu. Ekki kveðst hann hafa tekið eftir klöppum á bakborða, en segir, að brotið hafi ca 50 metrum fyrir aftan skipið, en ekki hafi brotið við skips-hliðina.

Skipstjórinn á m/b Þorsteini, Önundur Kristjánsson, lýsir aðstæðum á strandstaðnum þannig, að sér hafi virzt skipið liggja

með bakborðssíðu að klöpp, er náði allt fram að bóg bakborðsmegin, og hallaðist skipið á stjórnborða. Framan við skipið, bakborðsmegin, hafi verið sker, sem braut á, og hafi þetta brot að sjá verið um bakborðsbóg skipsins. Stefni skipsins hafi vísað í austur-norðaustur.

Skipstjórinn á m/s Ask, Angantýr Guðmundsson, segir hið strandaða skip hafa staðið mjög illa, þó meira að aftan, í stórgýttri fjöru.

Stýrimaðurinn á m/s Ask, Þorsteinn Þorsteinsson, kveðst hafa séð brjóta stjórnborðsmegin fram undir mitt hið strandaða skip og kveður ókyrrt hafa verið við hlið þess á strandstaðnum. Telur hann, að mjög grunnt hafi verið undir skipinu við fjöru og kveðst hann hafa séð á skrifublaðið upp úr sjónum.

Jón Einarsson verkstjóri, Raufarhöfn, einn eigenda m/b Þorsteins, sem fór á strandstaðinn með m/b Þorsteini, skýrir svo frá, að þegar komið var að skipinu hafi verið mikið útfall og afturhluti skipsins það mikið úr sjó, að skrifan hafi sézt. Hafi stefni skipsins vísað norðan við austur. Töluvert mikil kviku-kreppa hafi verið við skipið og brotið með skipshlið fram fyrir stjórnþall. Hafi dýpi verið meira stjórnborðsmegin, en bakborðsmegin hafi skipið virzt liggja við flúð eða kletta og um fjöruna hafi sézt móta fyrir þara fram fyrir mitt skip bakborðsmegin og ca 100—150 faðma út frá bakborðsbóg skipsins hafi brotið á grunnni og hafi grunnið virzt ná þar skáhallt út. Botnlag undir skipinu hafi verið stórgrytt og misdýpi.

Ólafur Ágústsson hafnsögumaður, Raufarhöfn, skýrir svo frá, að þegar komið var að hinu strandaða skipi, hafi það hallast á stjórnborða og brotið fram undir mitt skip báðum megin. Stefna strandaða skipsins var að hans hyggju eitthvað suður fyrir austur. Mjög grunnt var undir skipinu, þegar komið var að því, og tók hann eftir því, að þarinn nam sem næst við kjöl m/b Þorsteins. Virtist Ólafi afturendi strandaða skipsins fastur og segir það ekki hafa höggvið mikið, en hreyfing þess hafi aukizt eftir því sem sjór hækkaði og á tímabili hafi vindur og kvika aukizt, en hægt aftur með flóðinu. Telur hann vindstyrk hafa verið um 4 vindstig og hafa komizt mest í rúm 5 vindstig.

Guðmundur Haraldsson, vélstjóri á m/s Ask, kveðst hafa verið mikið uppi og fylgzt með aðgerðum og kveðst hann telja, að um fullkomna björgun sé að ræða.

Allir framangreindir skipverjar á m/s Aski og m/b Þorsteini telja það vera útilokað, að m/s Nisse hefði getað losað sig af

strandstaðnum með eigin vélarafla eða án utanaðkomandi hjálpar vegna þess, að vindur stóð beint upp í fjöruna og hefði óhjákvæmilega slegið skipinu flötu og borið það lengra upp í fjöruna, er sjór hækkaði, en m/s Askur hafi komið í veg fyrir þetta með því að halda við skipið. Telja þeir því, að um fullkomna björgun hafi verið að ræða.

Skipstjórnir á m/s Aski og m/b Þorsteini telja báðir, að þeir hafi lagt skip sín í hættu á strandstaðnum. Segja þeir, að alger samvinna hafi verið milli þeirra um björgunaraðgerðir, og eru þeir sammála um, að björgun hafi verið óframkvæmanleg fyrir m/s Ask án hjálpar m/b Þorsteins.

Skipstjóri, stýrimaður og I. vélstjóri á m/s Nisse hafa allir látið í ljós það álit sitt, að skipið hefði getað losað sig af strandstaðnum af eigin rammleik án utanaðkomandi hjálpar, annaðhvort með eigin vélarafla á flóðinu eða með hjálp varpakkerana, sem flytja hefði mátt með björgunarbátum skipsins, ásamt dráttarvír, nægilega langt frá því. Telur skipstjórinn, að skaðinn kynni hins vegar að hafa orðið meiri, ef hann hefði ekki leitað aðstoðar.

Með matsgerð, sem fram fór 22. ágúst 1960, var m/s Nisse metið til verðs á 5.7 milljónir íslenskra króna, þar með talin brennsluolia sú, sem í skipinu var.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að hér hafi verið um fullkomna björgun að ræða. Telja þeir útilokað, að skipið hefði náð sér á flot af eftirgreindum ástæðum: Þegar sjór hefði fallið að, myndi framendi skipsins hafa borizt upp á grynningar. Jafnvel þótt framendi skipsins hefði ekkert hreyfzt, sem þó megi telja óhugsandi, hefði skipið lent á skeri, sem var bakborðsmegin, rétt um bóg skipsins, strax við fyrstu hreyfingu. Þá verði að teljast útilokað, að hægt hefði verið að breyta stefnu skipsins með því að leggja stýrinu í stjórnborða og láta vélina vinna áfram, þar sem steinn sá, sem undir stjórnborðshliðinni var, hefði komið í veg fyrir það. Ekki verði heldur rök að því leidd, að hægt hefði verið að koma út léttbát skipsins, taka í hann varpakkeri með nægilega löngum vír og róa honum frá skipinu í hæfilega fjarlægð frá því. Til þess hafi hvorki verið nægilegt dýpi við skipshliðina, né báturinn nógu stór. Ennfremur hafi verið svo mikil ókyrrð við skipshliðina að slík tilraun hefði verið dæmd til að misheppnast.

Stefndi reisir hins vegar kröfur sínar á því, að hér hafi eingöngu verið um léttu aðstoð að ræða, en ekki björgun. Telur

hann, að m/s Nisse hefði verið komið það vel á flot um flóð, að það hefði komið út af eigin vélarafli, og til þess að rétta skipið þannig, að það gæti siglt út, eins og það gerði, er m/s Askur tók í það, hefði eigi þurft annað en að koma út varpakkerum og dráttarvír á þann hátt, er skipstjóri m/s Nisse hafi lýst í framburði sínum. Á sama hátt hefði skipshöfn m/s Nisse getað haldið skipinu frá að flatreka upp að grynningum, áður en það flaut. Auk framanritaðs reisir stefndi og lækkunarkröfu sína á því, að matsupphæð m/s Nisse sé allt of há, miðað við verðgildi skipsins, því að samkvæmt matsgerð, framkvæmdri í Hollandi hinn 21. desember 1960 af kunnáttumönnum, sé skipið þar metið á 300.000 hollenzk gyllini. Mótmælir hann því stefnukröfunni sem of hárrí, jafnvel þó að talið yrði, að um björgun hafi verið að ræða.

Umboðsmaður eiganda m/s Asks, KE 11, hefur f. h. umbjóðanda síns gert kröfu til $\frac{4}{5}$ hluta tildæmdra björgunarlauna og að sömu hlutföll ráði við skiptingu málskostnaðar. Styður hann þessa kröfu sína þeim rökum, að það hafi verið m/s Askur, sem náði hinu strandaða skipi af skerinu með vélarafli sínu og dró það áleiðis til Raufarhafnar, og áður en skipið komst á flot, hafi m/s Askur haldið því upp í sjó og vind og forðað því þannig frá því að brotna. Milli m/s Asks og hins strandaða skips hafi ekki verið nema um 100 faðmar og dýpið þar um 1 meter og því ljóst, að skipið hafi verið lagt í verulega hættu við björgunarstarfið, Þá hafi m/s Askur lagt til dráttartaug, sem skeytt var við taugina frá hinu strandaða skipi. M/s Askur sé 80 rúmlestir að stærð með 360 ha. vél og skipið sé virt til váttryggingar árið 1960 á kr. 3.074.500.00. Áhöfn skipsins, sem þátt hafi tekið í björgunarstarfinu, hafi verið 11 menn.

Umboðsmaður eigenda m/b Þorsteins, ÞH 285, hefur f. h. umbjóðenda sinna krafizt helmings björgunarlauna og sama hlutfalls í skiptingunni, að því er varðar málskostnað. Rökstyður hann kröfur sínar með því, að m/b Þorsteinn hafi verið lagður í mikla hættu við björgunina og meiri hættu en m/s Askur, sem hélt sig nokkuð frá hinu strandaða skipi, en m/b Þorsteinn hafi farið í gegnum brimgarðinn og svo til alveg að hinu strandaða skipi. Enda sé viðurkennt af báðum þeim aðiljum, sem að björguninni unnu, að m/s Askur hefði ekki án aðstoðar m/b Þorsteins getað bjargað hinu strandaða skipi. Telur og umboðsmaður eigenda m/b Þorsteins, að fjöldi skipverja á hvoru skipi um

síð, sem að björguninni vann, skipti ekki verulegu máli í þessu sambandi, heldur fyrst og fremst hvern hlut þau áttu að björguninni hvort um sig og hversu mikla hættu þau lögðu sig í, en á m/b Þorsteini var aðeins skipstjórinn, Önnundur Kristjánsson, auk þeirra Jóns Einarssonar verkstjóra og Ólafs Ágústssonar hafnsögumanns, sem fóru með honum. M/b Þorsteinn, PH 285, er 18 rúmlestir brúttó að stærð og samkvæmt vottorði Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, sem lagt hefur verið fram í málinu, dags. 22/9 1961, er hann nettótryggður hjá nefndu tryggingarfélagi fyrir kr. 495.900.00.

Skipið m/s Nisse frá Rotterdam var strandað, þegar m/b Þorsteinn og m/s Askur komu að því. Eins og aðstæðum hefur verið lýst á strandstað, þar sem um var að ræða miklar grynningar og stórgrýttan botn og að sker var framan til við skipið bakborðsmegin, sem braut á, svo og með tilvísan til framburða vitna að öðru leyti, sem að björgunarstörfum unnu eða fóru á strandstaðinn, verður, þrátt fyrir staðhæfingar skipverja á m/s Nisse, að telja óvíst og raunar ósennilegt, að skipið hefði af eigin rammleik náð sér á flot, þar sem ætla má samkvæmt þeirri vindátt, sem var, er skipið strandaði, að framendi þess hefði borizt lengra upp á grynningarnar, þegar sjór féll að. En samkvæmt vottorði Veðurstofunnar í Reykjavík, sem lagt hefur verið fram í málinu, hefur veðurhæð þarna komizt mest í 5 vindstig á þeim sólarhring, sem skipið strandaði. Ekki verða heldur rök að því leidd, að hægt hefði verið að koma út léttbát skipsins, taka í hann varpakkeri með nægilega löngum vír og róa honum frá skipinu í hæfilega fjarlægð frá því, þar sem grynningar voru miklar við skipið og ókyrrð við skipshliðina. Enda segir um þetta meðal annars í álitserð Gunnars Bergsteinsonar sjómælingamanns, sem lögð hefur verið fram í málinu, að til þess að slík ráðstöfun gæti komið að haldi, þurfi haldbotn að vera góður, svo að akkerið nái góðri festu. En sennilega hafi verið þarna um að ræða grýttan botn og lélega festu.

Samkvæmt framanrituðu var umrædd hjálp m/b Þorsteins og m/s Asks til handa hinu strandaða skipi björgun, en ekki aðstoð.

Svo sem áður getur, hafa dómkvaddir matsmenn virt m/s Nisse ásamt brennsluolíu þeirri, sem í skipinu var, á kr. 5.700.000.00. Hefur stefndi mótmælt matsverði þessu sem allt of háu og vitnað í því sambandi í matsgerð, framkvæmda í Hollandi

21. desember 1960. En þar sem virðingargerð hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki verið hnekk, verður að leggja hana til grundvallar um verðmæti hinna björguðu hagsmuna.

Umrædd björgun var fremur auðveld, enda tókst hún fullkomlega. Skipstjóra og stýrimanni á m/s Nisse svo og öðrum, sem um það máttu þera, kemur saman um, að björgunin hafi verið framkvæmd með verklægni og hyggindum af hálfu björgunarmanna. Hið strandaða skip var í hættu. Einnig verður að telja, að björgunarmenn hafi stofnað skipum sínum í hættu við björgunarstarfið, en björgunin tók stuttan tíma (um 9 klst. sjálf björgunin).

Þegar framangreind atriði eru virt, svo og öll málsatvik, sem rakin eru hér að framan, þykja björgunarlaun til stefnenda í heild hæfilega ákveðin kr. 450.000.00, er skiptist þannig, að 70% upphæðarinnar falli í hlut eiganda m/s Asks, KE 11, en 30% hennar í hlut eigenda m/b Þorsteins, ÞH 285. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum björgunarlaunin með 9% ársvöxtum frá 21. ágúst 1960 til 29. desember 1960 og með 8% ársvöxtum fá þeim degi til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn í heild kr. 79.500.00, en skiptist þannig milli stefnenda, að eigandi m/s Asks, KE 11, fái kr. 70.000.00, þar í innifaldir útlagðir kostnaðarliðir þeir, sem tilgreindir eru á dómsskj. nr. 11, en eigendur m/b Þorsteins, ÞH 285, fái kr. 9.500.00. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt stefnenda í skipinu m/s Nisse til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds yfirborgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinbjörn Jónsson hrl., f. h. Penning Leendert vegna N.V. Neerlandia, eiganda m/s Nisse, Rotterdam, greiði Jónasi Rafnar hdl., f. h. eiganda m/s Asks, KE 11, kr. 315.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 21. ágúst 1960 til 29. desember 1960, en 8% frá þeim degi til greiðsludags og kr. 70.000.00 í málskostnað.

Ennfremur greiði stefndi Kristjáni Jónssyni lögfræðingi f. h. eiganda m/b Þorsteins, ÞH 285, kr. 135.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 21. ágúst 1960 til 29. desember 1960, en 8% frá þeim degi til greiðsludags og kr. 9.500.00 í málskostnað.

Framangreindur sjóveðréttur í m/s Nisse er viðurkenndur.
Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1963.

Nr. 2/1962.

Ingvar S. Ingvarsson

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Péturssyni f. h. Poul Rousseau

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Gizur Bergsteinsson
og prófessorarnir Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason og
Theodór B. Líndal.

Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. desember 1961. Krefst hann þess *aðallega*, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en að öðrum kosti verði málinu frestað í Hæstarétti og lagt fyrir héraðsdóm að veita aðiljum færi á að afla frekari gagna. *Til vara* krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Loks krefst hann, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, enda hefur vaxtatíma ekki verið andmælt sérstaklega.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Það er aðfinnsluvert, að af hálfu stefnda hefur ekki verið